

REGLUR

um doktorsnám og doktorspróf við heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur um doktorsnám og doktorspróf við heilbrigðisvísindasvið eru settar með hliðsjón af *Viðmiðum og kröfum um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands* og reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglur heilbrigðisvísindasviðs um doktorsnám og doktorspróf eru rammareglur fyrir deildir sviðsins. Reglur deilda gilda svo fremi að þær gangi ekki skemur en rammareglurnar.

2. gr.

Markmið.

Markmið doktorsnáms á heilbrigðisvísindasviði er að veita doktorsnemanum þjálfun og innsýn í rannsóknaraðferðir heilbrigðisvísinda og tengdra greina og að neminn öðlist ítarlega þekkingu á sviði doktorsverkefnis hans. Í náminu felst þjálfun í undirbúningi og framkvæmd rannsókna, úrvinnslu og túlkun rannsóknarniðurstaðna, kynningu og rökræðum á eigin rannsóknum í samhengi við þekkingu á fræðasviðinu svo og birtingu í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum. Þannig verði doktorsefnið vel undir það búíð að starfa sjálfstætt að vísindum.

Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands hefur umsjón með og fylgir eftir settum viðmiðum og kröfum um gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands, sbr. 66. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Standa ber skil á upplýsingum og gögnum sem Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands kallar eftir.

3. gr.

Doktorsnámsnefnd heilbrigðisvísindasviðs.

Stjórn heilbrigðisvísindasviðs skipar doktorsnámsnefnd sviðsins og tilnefnir hver deild svo og Miðstöð í lýðheilsuvísindum einn fulltrúa. Verði stofnaðar nýjar námsbrautir innan heilbrigðisvísindasviðs geta þær óskað eftir setu í nefndinni. Nefndin kys sér formann. Skipan nefndarinnar skal vera í samræmi við 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Doktorsnámsnefnd fer með málefni doktorsnámsins í umboði sviðsstjórnar. Hlutverk hennar er að móta og hafa áhrif á stefnu og markmið námsins og ber hún ábyrgð á doktorsnámi innan sviðsins í samræmi við erindisbréf. Formaður doktorsnámsnefndar er tengiliður heilbrigðisvísindasviðs við Miðstöð framhaldsnáms.

4. gr.

Umsóknarfrestur.

Heimilt er að taka við umsóknum um doktorsnám utan hefðbundins umsóknarfrests við Háskóla Íslands.

5. gr.

Meðferð umsókna og rannsóknaráætlana.

Umsóknum er skilað á rafrænum eyðublaðum nemendaskrár Háskóla Íslands sem aðgengileg eru á vef skólans eða hjá skrifstofu sviðsins. Afgreiðslu umsóknar skal að jafnaði vera lokið og henni svarað innan sex vikna frá því að hún berst. Umsókn má rita á ensku eða íslensku, henni skal fylgja útdráttur á ensku og íslensku, námsáætlun, lýsing rannsóknarverkefnis og rannsóknaráætlun skv. lið c hér að neðan, sbr. umsóknareyðublað.

Ferill umsókna og mat á rannsóknaráætlun:

- a. Nemandi sækir um inngöngu í doktorsnám á sérstöku eyðublaði sem fæst á heimasíðu, á skrifstofu heilbrigðisvísindasviðs og deilda sviðsins. Með umsókn skal fylgja afrit af prófskírteinum svo og ferilskrá (CV) umsækjanda og væntanlegs umsjónarkennara/leiðbeinanda og nöfn tveggja umsagnaraðila.

- b. Umsóknin er skráð hjá heilbrigðisvísindasviði og gengið úr skugga um að hún sé fullnægjandi m.t.t. þeirra atriða sem nefnd eru í lið a og umsækjandi uppfylli almenn inntöku-skilyrði skv. 6. gr. reglna þessara.
- c. Framhaldið fer eftir öðrum af tveimur ferlum eftir því hvenær rannsóknaráætlun liggur fyrir:
- i. Í umsókn er gerð ítarleg grein fyrir námsáætlun, rannsóknarverkefni og rannsóknaráætlun. Í slíkri umsókn skal tilgreina ósk um væntanlega doktorsnefnd. Námsáætlun og rannsóknaráætlun er metin og umsækjandi boðaður í viðtal. Umsóknin er afgreidd með rökstuddri umsögn.
 - ii. Í umsókn er gerð stuttlega grein fyrir námsáætlun, rannsóknarverkefni og rannsóknaráætlun. Umsækjandi innritast í deild að uppfylltum almennum skilyrðum og gæðakröfum. Umsækjandi mótar ítarlega rannsóknaráætlun í samráði við umsjónarkennara sinn og leiðbeinanda og leggur hana fram ásamt ósk um væntanlega doktorsnefnd eigi síðar en í lok annars misseris. Námsáætlun og rannsóknaráætlun er metin og umsækjandi boðaður í viðtal. Umsóknin er afgreidd með rökstuddri umsögn.
Ítarleg rannsóknaráætlun skal innihalda eftirtalda kafla:
 1. Lýsing á rannsókn og hlutverki/þátttöku doktorsnefndarmanna í rannsókn (1-2 bls.). Ferilskrá nefndarmanna skal fylgja.
 2. Greinargerð um faglegar forsendur rannsóknar, þ.m.t. stutt fræðilegt yfirlit, stöðu þess á fræðasviði, uppbyggingu rannsóknar, aðferðafræði, rannsóknarspurningu/tilgátu ef við á (3-5 bls.).
 3. Verk-, tíma- og fjárhagsáætlun (1-2 bls.).
Heimilt er að veita umsækjanda tækifæri til að endurbæta rannsóknaráætlun í samræmi við framkomnar athugasemdir.
- d. Heilbrigðisvísindasvið synjar nemanda ef umsókn uppfyllir ekki gæðakröfur eða samþykkir umsóknina og tilkynnir niðurstöðu bréflega, sbr. afgreiðslufrest umsókna hér að framan.
- e. Afgreiðsla heilbrigðisvísindasviðs er tilkynnt til viðkomandi deildar, nemendaskrár og Miðstöðvar framhaldsnáms um leið og hún liggur fyrir.
- f. Nemandi sem heilbrigðisvísindasvið hefur samþykkt í doktorsnám skal snúa sér til nemendaskrár og ganga frá skráningu sinni í námið og greiðslu skrásetningargjalds komandi háskólaárs.

6. gr.

Inntökuskilyrði.

Til að innritast í doktorsnám á heilbrigðisvísindasviði þarf nemandi að hafa lokið MS/MA-prófi frá Háskóla Íslands (til 180 eininga (ECTS) doktorsnáms) með lágmarkseinkunn 7,25, BS/BA-prófi frá Háskóla Íslands (til 300 eininga doktorsnáms) með lágmarkseinkunn 7,25, eða öðru prófi sem doktorsnámsnefnd metur að sé samsvarandi. Heimilt er að víkja frá reglunni um lágmarkseinkunn hafi umsækjandi t.d. sýnt fram á námshæfni og/eða hæfni í sjálfstæðum rannsóknnum. Deildir geta sett skilyrði um forkröfur eða sérstakan undirbúning.

Væntanlegir doktorsnemar sem þegar hafa reynslu í vísindalegum vinnubrögðum, hafa lokið rannsóknnum og birt vísindagreinir um vel afmarkað viðfangsefni sem gæti myndað grunn að doktorsritgerð falla undir sama skipulag og aðrir, þ.e. skipa skal umsjónarkennara og doktorsnefnd, sbr. 11. og 14. gr. Doktorsnefndin metur reynslu, rannsóknarvinnu og skrif umsækjandans til doktorsnáms og leiðbeinir við verklok rannsóknarvinnu, skrif og frágang doktorsritgerðar.

7. gr.

Skyldur nemenda.

Doktorsnemar skulu ástunda fagleg vinnubrögð og forðast að hafast nokkuð það að í námi sínu eða framkomu innan og utan háskólans sem er þeim til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrd á nám þeirra eða háskólann. Þeim ber að kynna sér vel þær reglur og siði sem akademískt starf lýtur og temja sér í hvívetna viðurkennd fræðileg vinnubrögð í rannsóknnum og meðferð heimilda, þ.m.t. að starfsfólk og nemendur sýni hvert öðru virðingu í framkomu, ræðu og riti, eigi málefnaleg

skoðanaskipti, vinni saman af heilindum, leiti sannleikans og setji hann fram samkvæmt bestu vitund og forðist að láta persónuleg tengsl og hagsmuni hafa áhrif á samvinnu.

8. gr.

Einingafjöldi, tímalengd og framvinda náms.

Doktorsnám við heilbrigðisvísindasvið er 300 einingar að loknu BS/BA-prófi eða tilsvarendi prófi en 180 einingar að loknu meistaraþrófi, lokaprófi frá deild, t.d. kandidateisprófi í læknisfræði eða sálfræði eða tilsvarendi prófi. Hefji nemandi doktorsnám eftir að hafa lokið BS/BA-prófi eða samsvarandi er miðað við að í eðlilegri námsframvindu sé lengd doktorsnáms fimm ár. Hefji nemandi doktorsnám eftir að hafa lokið meistaraþrófi er miðað við að í eðlilegri námsframvindu sé lengd doktorsnámsins þrjú ár. Heimilt er að doktorsnemi sé skráður í hlutanám frá upphafi. Sjái nemandi fram á að geta ekki lokið náminu innan sex ára (300 eininga nám) eða fjögurra ára (180 eininga nám) frá því það hófst skal hann sækja um til deildar að vera áfram innritaður í námið í allt að eitt ár til viðbótar. Ef frekari framlengingar er þörf skal slík umsókn endurtekin, þó þannig að heildarnámstími verði aldrei lengri en sjö ár (300 eininga nám) eða fimm ár (180 eininga nám), nema samþykkt hafi verið að nemandi fái að stunda nám sem hlutastarf.

Nemandi skilar árlega framvinduskýrslu, sem skal vera staðfest af umsjónarkennara. Framvinda er metin og tilkynnt til nemendaskrár. Fullnægjandi framvinda er skilyrði fyrir skráningu á næsta misseri. Við brautskráningu skal sýnt að nemandi hafi verið skráður og greitt skráningargjald allan námstímann.

9. gr.

Samsetning náms.

Doktorsnámið felur fyrst og fremst í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og vinnu að samfelldu rannsóknarverkefni. Hluti námsins, allt að 60 einingar, getur verið í námskeiðum, málstofum og lesnámskeiðum. Hafi nemandi ekki lokið meistaraþróðu eða sambærilegu námi skal hann skila minnst 30 einingum í námskeiðum. Hafi doktorsnemi ekki þegar lokið námskeiðum í tölfræði og vísindalegri aðferðafræði er honum skylt að taka þau námskeið (12 e). Nemandi í doktorsnámi má að hámarki taka 10 einingar í lesnámskeiðum.

Doktorsdagar heilbrigðisvísindasviðs eru haldnir einu sinni á ári. Þar kynna doktorsnemar verkefni sín. Ætlast er til að doktorsnemi taki þátt í ráðstefnum á viðkomandi fræðasviði. Stefnt skal að því eftir því sem kostur er að doktorsnemar fái tækifæri til að taka þátt í kennslu.

10. gr.

Breytingar á námsáætlun.

Ekki er heimilt að nota meistararitgerð aftur sem uppistöðu í doktorsritgerð.

Veigamiklar breytingar á námsáætlun í doktorsnámi eru háðar samþykki viðkomandi deildar og skulu kynntar doktorsnámsnefnd sviðsins og Miðstöð framhaldsnáms til staðfestingar. Hafi nemandi innritað sig í meistaranám en ákveði áður en hann lýkur því að fara í doktorsnám er honum heimilt að óska eftir því við doktorsnámsnefnd að breyta skráningu úr meistaranámi í doktorsnám. Skal hann um leið leggja fram ítarlega rannsóknaráætlun um framhald á verkefninu. Umsóknin er síðan afgreidd eins og lýst er í 5. gr. c. i, og skal lögð áhersla á ítarlega greinargerð um stöðu verkefnis í viðtali. Einnig skal nemandi hafa lokið tilskildum 30 einingum í námskeiðum. Eftir samþykkt endurskoðaðrar áætlunar lengist námið úr 120 eininga meistaranámi í 300 eininga doktorsnám.

Ef framvinda á fyrsta námsári gefur til kynna að forsendur séu brostnar fyrir doktorsnámi skal nemandi gefinn kostur á að leggja fram breytta náms- og rannsóknaráætlun til meistaraþrófs og er málinu þá vísað til viðkomandi deildar.

11. gr.

Námskeið í grunnnámi sem hluti af doktorsnámi.

Miðað er við að ekki fleiri en 20 af 300 eða 10 af 180 einingum komi úr námskeiðum í grunnnámi. Að jafnaði skulu gerðar meiri kröfur til nemenda í doktorsnámi sem taka námskeið í

grunnnámi sem hluta af námi sínu, t.d. með því að krefjast hærri lágmarkseinkunnar, ekki undir 75% raðeinkunn hvers námskeiðs.

12. gr.

Umsjónarkennari og leiðbeinendur.

Nemandi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara úr hópi fastra kennara eða sérfræðinga við deild á heilbrigðisvísindasviði í viðkomandi grein, sem hann ráðfærir sig við um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem náminu tengist. Doktorsnemi ráðfærir sig við umsjónarkennara um gerð rannsóknaráætlunar, skipulag námsins, val námskeiða, ef við á, og annað sem tengist náminu. Umsjónarkennari ber ábyrgð á að doktorsnámið uppfylli kröfur heilbrigðisvísindasviðs. Umsjónarkennari er venjulega jafnframt leiðbeinandi. Nemanda er heimilt að hafa auk umsjónarkennara einn eða tvo leiðbeinendur, sem mega vera utanaðkomandi enda uppfylli þeir þær kröfur sem gerðar eru í 13. gr. þessara reglna.

13. gr.

Kröfur til umsjónarkennara, leiðbeinenda og annarra sem leggja mat á námið og doktorsverkefnið.

Umsjónarkennari skal ávallt vera fastráðinn kennari í viðkomandi grein eða sérfræðingur sem hefur fengið viðeigandi hæfnismat. Leiðbeinendur doktorsnema geta þeir einir orðið sem lokið hafa doktorsprófi og/eða áunnið sér dósentshæfi. Gæta þarf þess að verkefni nemandans sé á sérsviði leiðbeinenda. Leiðbeinendur doktorsnema, hvort sem þeir eru fastir kennarar við háskólann eða ekki, skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sviði og hafa birt ritsmíðar er tengjast verkefni nemandans á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur.

14. gr.

Tengsl milli deilda og sviða og við aðra háskóla.

Doktorsnám getur farið fram við fleiri en eina deild innan heilbrigðisvísindasviðs og getur einnig verið í tengslum við deildir annarra sviða. Doktorsnám getur verið í tengslum við erlendan háskóla, t.d. þannig að neminn taki hluta námsins við skólann eða fulltrúi hans sitji í doktorsnefndinni. Deildum heilbrigðisvísindasviðs er heimilt að veita doktorsgráðu sameiginlega innan sviðsins eða í tengslum við deildir annarra sviða Háskóla Íslands. Heimilt er að veita doktorsgráðu sameiginlega með öðrum háskóla. Slíku erindi skal vísað til doktorsnámsnefndar heilbrigðisvísindasviðs.

Samráð skal haft við Miðstöð framhaldsnáms og kennslusvið um samninga um sameiginlegt doktorsnám og prófgráður.

15. gr.

Doktorsnefndir.

Í doktorsnefnd hvers doktorsnema sitja þrjú til fimm sérfróðir menn sem viðkomandi deild tilnefnir og doktorsnámsnefnd skipar. Í nefndinni skulu sitja: umsjónarkennari, leiðbeinandi/leiðbeinendur og tveir/fjórir aðrir og skal a.m.k. einn þeirra vera utan þeirrar stofnunar/rannsóknarstofu/námsbrautar/fræðasviðs sem verkefnið er unnið við. Umsjónarkennari kallar doktorsnefnd saman innan 6 mánaða frá samþykkt rannsóknaráætlunar. Á fyrsta fundi kýs nefndin sér formann. Hlutverk formanns er að kalla nefndina saman a.m.k. árlega og hafa umsjón með ritun og skilum doktorsnefndarálits þegar doktorsritgerð er tilbúin. Doktorsnefnd kveður doktorsefni á sinn fund a.m.k. einu sinni á ári meðan á náminu stendur og fylgist með framvindu námsins. Doktorsnefnd ber ábyrgð á því að doktorsnámið samrýmist viðmiðum og kröfum Háskóla Íslands um gæði doktorsnáms. Doktorsefni getur kallað saman doktorsnefnd að eigin frumkvæði.

Í lok fyrsta námsárs metur doktorsnefnd hvort forsendur séu fullnægjandi fyrir áframhaldandi doktorsnámi. Þegar doktorsnám er u.þ.b. hálfnað (eigi síðar en einu ári fyrir áætluð námslok) fer fram ítarlegt mat á stöðu verkefnisins. Doktorsneminn skrifar stutta samantekt um verkefnið og helstu niðurstöður sem hann sendir til doktorsnefndar og býður nefndarmönnum til opinnar kynningar á verkefninu. Á grundvelli hennar og umræðna er metin almenn þekking doktorsnemans og

staða verkefnisins með tilliti til þess hvort efniviður sé nægur og hæfilegur fyrir doktorsritgerð. Er slíkt mat nauðsynlegt skilyrði fyrir doktorsvörn.

Loks metur doktorsnefnd ritgerðina áður en hún er lögð fram til varnar og skilar vandlega rökstuddu álitni til deildar og doktorsnámsnefndar sviðsins um það að doktorsritgerðin sé hæf til varnar og doktorsefni tilbúið til doktorsvarnar. Þar skulu koma fram upplýsingar um fyrra nám og háskólagráður, heiti verkefnis/ritgerðar, doktorsnefnd, samstarfsaðilar við verkefnið, upplýsingar um hvar vinnan fór fram, listi yfir og stutt lýsing á þeim vísindagreinum sem verkið byggir á, auk yfirlits sem lýsir faglegum ferli nemandans meðan á doktorsnáminu stóð (s.s. kennsla, fyrirlestrar, veggspjöld, skýrslur). Álitnið skal undirritað af öllum doktorsnefndarmönnum.

16. gr.

Andmælendur, dómnefnd og doktorsvörn.

Doktorsnámsnefnd heilbrigðisvísindasviðs leggur mat á hvort innsend doktorsritgerð fullnægir almennum skilyrðum. Samþykki doktorsnámsnefnd heilbrigðisvísindasviðs niðurstöðu doktorsnefndar og deildar um lok náms leggur hún fram tillögu um einn eða tvo andmælendur doktorsvarnar og skulu þeir vera óháðir aðilar, sem ekki eiga sæti í doktorsnefnd. Tillögur um andmælendur eru sendar Miðstöð framhaldsnáms til samþykkis. Annar andmælandinn skal vera utan deildar, og skal hann að jafnaði koma frá öðrum háskóla, en hinn má vera innan deildar. Deild innan heilbrigðisvísindasviðs er heimilt að óska eftir að skipuð verði dómnefnd skv. 70. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.

Andmælendur skulu fá endanlegt eintak doktorsritgerðar að minnsta kosti sex vikum fyrir doktorsvörn. Um framkvæmd doktorsvarnar gilda ákvæði 70. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Gert er ráð fyrir að doktorsvörn fari að jafnaði fram u.þ.b. fjórum mánuðum eftir að ritgerð er lögð fram.

Ritgerð skal dæmd og varin samkvæmt reglum háskólans um doktorspróf. Doktorsefni skal verja ritgerð sína í háskólanum í heyranda hljóði. Deildarforseti stýrir doktorsvörn. Nánar er kveðið á um framkvæmd doktorsvarna í verklagsreglum háskólaráðs. Að lokinni munnlegri vörn ákveður deildarforseti ásamt andmælendum hvort veita skuli doktorsnafnbót. Verði ágreiningur skal skjóta málinu til stjórnar heilbrigðisvísindasviðs. Fulltrúar nemanda á sviðsfundum eiga ekki atkvæðisrétt um mál er varða veitingu doktorsnafnbóta. Ekki eru gefnar einkunnir fyrir doktorspróf.

17. gr.

Námsmat.

Um leið og ritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram staðfest námsferilsyfirlit nemanda.

18. gr.

Skil og frágangur doktorsritgerðar.

Unnt er að skila inn doktorsritgerð til Háskóla Íslands á tvenns konar formi, annars vegar ritgerð sem byggist á birtum greinum (a), eða hins vegar ítarlegri ritgerð (*monographia*) án birtra greina (b), eins og nánar verður lýst hér að neðan. Doktorsritgerð skal skrifa á ensku. Í doktorsritgerð skal vera ítarlegur inngangur þar sem staða þekkingar á fræðasviðinu er rakin, aðferðum skal lýst, gerð grein fyrir niðurstöðum og loks skal vera ítarlegur umræðukaflur sem fjallar um verkefnið í heild. Í ritgerð skal vera yfirlýsing um hvert framlag doktorsnemans var, tekið skal fram hvort aðrir hafa komið að verkinu og hver hlutur þeirra var. Getið skal stofnana eða fyrirtækja þar sem rannsóknin var unnin og tekið fram hverjir leiðbeinendur voru. Koma skal skýrt fram að verkefnið hafi verið unnið á vegum Háskóla Íslands og geta skal þeirra sem styrktu verkefnið. Um frágang ritgerðarinnar vísast til leiðbeininga heilbrigðisvísindasviðs. Doktorsritgerð skal skilað í tólf eintökum til skrifstofu heilbrigðisvísindasviðs. Í hverri doktorsritgerð skal vera útdráttur á íslensku og ensku og skal skila honum sérstaklega á tölvutæku formi til birtingar á heimasíðu heilbrigðisvísindasviðs.

Form doktorsritgerðar:

- a) Ritgerð byggð á birtu efni eða efni samþykktu til birtingar. Slík ritgerð skal að jafnaði byggð á a.m.k. þremur vísindagreinum sem hafa verið birtar, eru samþykktar eða tilbúnar til birtingar í viðurkenndum ritrýndum tímaritum. Skulu ekki færri en 2 greinar vera endanlega

samþykktar til birtingar. Skal doktorsefni vera fyrsti höfundur að a.m.k. tveimur slíkum greinum en þó að jafnaði öllum þremur. Ávallt skal vera skýrt hver þáttur doktorsnema er í viðkomandi verkefni og skal doktorsnámsnefnd bera ábyrgð á að sannreyna með doktorsnefnd að hlutverk doktorsnema sé fullnægjandi í samræmi við ofangreind ákvæði.

- b) Ítarleg ritgerð (*monographia*), þar sem þess er ekki krafist að ritgerðin, efni hennar eða hlutar efnis hennar hafi verið birtir eða samþykktir til birtingar. Slík ritgerð fer í strangara matsferli en ritgerð sem byggð er á birtu efni. Doktorsnefnd og doktorsnámsnefnd bera sameiginlega ábyrgð á því að umfang verkefnis, hlutdeild doktorsnema í verkinu, umfang og formlegur frágangur ritgerðar sé af sömu gæðum og annars er krafist. Í þessum tilvikum skal ávallt skipa þriggja manna dómnefnd utanaðkomandi og óháðra aðila. Dómnefnd er þó heimilt að kalla til fulltrúa doktorsnefndar til ráðuneytis. Dómnefnd skal skila mjög ítarlegu álitu með nákvæmri og gagnrýninni ritrýni.

19. gr.

Lærdómstitill.

Að loknu doktorsnámi hlýtur nemandinn lærdómstitilinn *Philosophiae Doctor* (Ph.D.).

20. gr.

Doktorspróf án undangengins skipulagðs náms.

Sé doktorsritgerð lögð fram á heilbrigðisvísindasviði til varnar án undangengins skipulagðs náms, í samræmi við 70. gr. reglna nr. 569/2009, vísar deildarráð viðkomandi deildar henni til doktorsnámsnefndar til umsagnar. Slík ritgerð skal að jafnaði hafa verið skrifuð án leiðbeiningar frá starfsmönnum Háskóla Íslands og stofnana sem tilheyra skólanum eða hann er í formlegum tengslum við. Doktorsnámsnefnd gerir tillögu til deildarráðs viðkomandi deildar um þriggja manna dómnefnd og andmælendur, sbr. 2. málsgrein 70. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

21. gr.

Staðfesting á reglum.

Reglur þessar eru settar í samræmi við VI. kafla reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands og með heimild í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar hafa verið samþykktar af deildum heilbrigðisvísindasviðs, stjórn fræðasviðsins og Miðstöð framhaldsnáms, sbr. 66. og 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglur þessar öðlast gildi 1. janúar 2012.

Háskóla Íslands, 21. desember 2011.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.